

nein ástæða til að sekta málsfærslumann gagnáfrýjanda fyrir ósæmilegan rithátt, eins og málsfærslumaður aðaláfrýjanda hefur heimtað.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður skal úr gildi felldur og uppboðsráðandi skyldur til samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda að bjóða upp á ný $\frac{3}{4}$ hluta Akureyja, en þannig, að aðaláfrýjandi haldi ábúðarrjetti á jarðarpartinum öllum samkvæmt byggingarbrjefinu 16. desbr. 1892, þó eigi lengur en byggjandinn sjera Friðrik Eggerz lifir. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 9. aprílmánaðar.

Nr. 31/1893:

Skapti Jósefsson

gegn

Einari Thorlacius sýslumanni.

D ó m u r :

Í 13. tölublaði af öðrum árgangi blaðsins »Austra«, sem kom út á Seyðisfirði 20. maímán. 1892, stóð meðal annars nafnlaus grein með yfirskript: »(Aðsent). Nýfundid' brot úr dómaraþókinni«, og með athugasemd aptan við greinina svo hljóðandi: »Fundid á hálfeyjgunni Sínaí af Georg Ebers við rannsókn hans þar«. Með því að amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu þótti grein þessi innihalda meidandi og vanvirðandi ummæli um hinn stefnda, sýslumann í Norðurmúla-

sýslu Einar Thorlacius, skipaði hann sýslumanninum að höfða mál gegn áfrýjandanum, ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins »Austra«, Skapta Jósepssyni, til þess að hreinsa sig með dómi fyrir hinum meiðandi áburði, og veitti honum jafnframt gjafsókn í málinu fyrir undir-rjetti. Samkvæmt þessari skipun höfðaði sýslumaður Einar Thorlacius mál fyrir meiðandi sakargiptir gegn ritstjóra Skapta Jósepssyni, og var það dæmt í aukarjetti Norðurmúlasýslu hinn 27. marzmán. f. á. af sýslumanni Benedikt Sveinssyni sem skipuðum setudómara, á þá leið, að ritstjóri Skapti Jósepsson var samkvæmt 218., sbr. 217. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, dæmdur til að greiða 200 kr. sekt í lands-sjóð, eða til að sæta 50 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði ekki greidd innan ákveðins tíma, ýms tilgreind ummæli í áminntri blaðgrein voru dæmd ómerk og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað eptir reikningi staðfestum af háyfirvaldinu.

Þessum dómi hefur ritstjóri Skapti Jósepsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 28. júlí f. á., samkvæmt leyfisbrjefi lagt fram ýms skjöl, er eigi komu fram í hjeradi, og hjer fyrir rjettinum gjört þær rjettarkröfur *fyrst og fremst*, að hjeradsdómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undirrjettinum, *en til vara*, að vitnaleiðsla, er fram fór fyrir aukarjetti Norðurmúlasýslu 23. febr. f. á., verði gjörð ómerk, og að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kröfum stefnda í máli þessu; svo hefur hann krafizt þess, að áfrýjandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð, og megi hún eigi vera minni en 300 kr.

Hinn stefndi sýslumaður Einar Thorlacius hefur fengið gjafvörn í málinu fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann, og hefur málsfærslumaðurinn gjört þær rjettarkröfur, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, að stefndi verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, eins og eigi væri veitt gjafvörn í því, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til sín.

Áfrýjandi byggir ómerkingar- og frávisunarkröfu sína á því, að stefnan til hjeradsrjettarins hafi eigi verið birt fyrir honum sjálfum nje fyrir neinum heimamanni hans, og eigi hafi manni þeim, er hún var birt fyrir, verið gefinn kostur á, að fá eptirrit af henni, enda mætti áfrýjandi ekki í aukarjettinum, þegar málið var tekið þar fyrir. Samkvæmt áteiknun stefnuvottanna á aukarjettarstefnuna, sem inniheldur venjulega skýrskotun til stefnuvottaeiðs þeirra og að öðru leyti er lögformleg, hafa þeir birt stefnuna fyrir prentara Sigurði Grímssyni á heimili hins stefnda Skapta Jósepsonar, sem var farinn að heiman. Það er þannig sannað, að stefnan hafi verið birt á heimili áfrýjanda, og að hún hafi verið birt fyrir einum af mönnum hans (sbr. N.—L. 1.—4.—3. og 4: »hans Folk«), þar sem hún var birt fyrir manni, sem er prentari við prentsmiðju þá, sem áfrýjandi hefur í húsi sínu til afnota við prentun blaðs síns og veitir forstöðu, eptir því sem stefndi ómótmælt hefur framborið. Með því að prentarinn, sem stefnan var birt fyrir, eigi bað um eptirrit af henni, verður það eigi álitid galli á birtingunni, er gjöri hana ómerka, að stefnuvottarnir eigi buðu fram eða skildu eptir eptirrit af stefnunni. Samkvæmt þessu verður

ómerkingar- og frávísunarkrafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Þá hefur áfrýjandi krafizt þess, að vitnaleiðsla sú, er fram fór fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu 23. febr. f. á., verði dæmd ógild, en það sjest af málsskjölunum, að vitnaleiðsla þessi var fyrir tekin og fram fór í öðru máli, sem lyktaði með frávísunardómi, uppkveðnum 25. febrúar f. á., áður en mál það, sem nú er undir dómi, var höfðað, og hefur áminnztum frávísunardómi ekki verið áfrýjað. Nefndri vitnaleiðslu getur eigi orðið áfrýjað ásamt máli þessu, sem rjetturinn nú hefur til meðferðar, og verður fyrir því að frávísa kröfu áfrýjanda að þessu leyti.

I blaðgrein þeirri í 13. tölublaði af 2. árgangi »Austra«, sem er sakarefni, er talað um dómara, sem er nefndur Rani Esui Calrot, og eru bornar á hann ýmsar sakir og honum lýst óvirkulega. Hinn stefndi heldur því fram, að með þessu nafni Rani Esui Calrot sje meint nafn sitt Einar Thorlacius, og sje því öllum hinum vanvirðandi og meiðandi ummælum í greininni, sem við höfð eru um Rani Esui Calrot, beint að sjer. Áfrýjandi hefur fastlega neitað, að þetta sje svo, en hefur þó eigi gefið neina sennilega skýrslu um það, hver meiningin sje með greininni, sem hann tjáist hafa fengið aðsenda frá einhverjum Jóni Jónssyni á Hóli, en hefur enga grein gert fyrir því, hvaða maður það er, eða hvort það er tilverandi persóna. Þrátt fyrir þessa neitun áfrýjanda verður þó að álíta, að hann annaðtveggja hafi átt við stefnda með hinu áminnzta nafni, eða þó að minnsta kosti mátt og átt að sjá, að lesendur blaðsins almennt mundu heimfæra nafnið til stefnda. Í þessu efni skal það tekið fram, að þegar nafnið Rani

Esui Calrot er lesið aptur á bak, kemur fram nafn stefnda, Einar Thorlacius, eins og það er borið fram. Þetta styrkist og beinlínis við það, að í 14. tölublaði af 2. árgangi »Austra«, sem kom út næst á eptir því tölublaði, sem hin átalda grein stóð í, hefur áfrýjandinn látið prenta »forboð« gegn því, að nöfnin í greininni »Nýfundio brot úr dómabókinni« væru lesin „öfugt“ eða rangt, og með þessu einmitt gefið almenningu bendingu um að gjöra það. Hitt er þýðingarlaust, að hann í síðastnefndu blaði hefur komið með leiðrjettingu á nafninu Rani Esui Calrot, sem hann þykist hafa mislesið í handritinu og eigi að vera »Rani Esui Galrot«. Í hinni átöldu grein er »Rani Esui Calrot« nefndur dómari, sem hinn stefndi er, og er hann eptir embættisskyldu látinn hafa afskipti af fjársóknum einhverjum, sem Sonretap, er virðist vera öfugnefni fyrir Paterson, átti við landsbúa. En einmitt um það leyti, er greinin kom út, varð kaupmaður Paterson á Seyðisfirði gjaldþrota, og urðu margar greinir út af protabúinu, er hinn stefndi hafði til meðferðar sem skiptaráðandi. Loks hafa 7 vitni borið það fyrir rjetti og staðfest það með eidi, að þeim hafi, er þeir lásu greinina, eigi blandast hugur um það, að með nafninu Rani Esui Calrot væri meintur hinn stefndi, enda bentu fleiri nöfn í greininni, lesin aptur á bak, og ýms þar greind atvik til þekktra manna og viðburða um það leyti á Seyðisfirði.

Með því að það nú verður að álitast sannað, að hinn stefndi sje meintur með nafninu Rani Esui Calrot, og að ummælunum um þessa persónu í hinni átöldu grein sje beint að honum, verður að athuga orð þau og ummæli í greininni, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig. Tölul. 1. í greininni virðist eigi saknæmur.

Þar á móti er þessi klausa í tölulið 2. mjög meiðandi: »Og hann gekk ekki á vegum rjettlátra og hafði ekki krapt eða einurð nje sjálfstæði til að dæma mönnum lög og rjett og veita aðstoð til rjetttra mála«. Í tölulið 5. er þessi klausa meiðandi og saknæm: »Og Rani Esui Calrot gekk í bandi Akitofels, og gjörði hvað er hann vildi. Og það sem Akitofel lagði til málanna, ekki opinberlega, heldur í eyru Rani Esui Calrots, á því byggði Rani Esui Calrot sína dóma og úrskurði. Svo að eiginlega dæmði Akitofel lýðinn«. Í 9., 11., 14. og 15. tölulið virðast eigi vera saknæm meiðyrði. Í 16. tölulið er þetta saknæm meiðandi umsögn: »Og hafði Rani Esui Calrot leitað opt til kerlingar til að felast þar og fá sjer í staupinu, því að honum þótti sopinn góður«. 17. töluliður inniheldur saknæm móðg-unarorð: »Og með aðstoð tveggja sveina sinna fjekk Rutiet (e: kerlingin) dregið Rani Esui Calrot heim í kofa sinn«. Sömuleiðis eru saknæm meiðyrði í 18. tölulið: »Og Rani Esui Calrot lifði þar hjá Rutiet í 40 daga mest á einiberjadreggjum og dó síðan af hug-arstríði og sárum«. Í 19. og 20. tölulið virðast eigi vera saknæm meiðyrði.

Eins og eðlilegt er eptir málsfærslunni hefur áfrýjandi eigi leitast við að sanna aðdróttanir þær og meiðandi ummæli, sem tilgreind eru hjer að framan, og verður hann því að bera fulla ábyrgð á þeim jafnframt og þau verða að dæmast dauð og ómerk. Sekt sú, sem áfrýjandi hefur til unnið, virðist hæfilega ákveðin samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga 150 kr., er renni í landssjóð; og komi í hennar stað 40 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi verður öll greidd innan ákveðins tíma. Áfrýjanda ber að greiða allan af málinu í

hjeraði löglega leiddan kostnað, svo og málsfærslukaup til hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur, en að öðru leyti virðist málskostnaður fyrir yfirdómi eiga að falla niður.

Sókn og rekstur málsins í hjeraði hefur verið víta- laus og vörn í því lögmet fyrir yfirdóm.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skapti Jóseppson, á að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs, en greiði þann eigi alla sektina innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 40 daga. Hin framan tilgreindu orð og ummæli í greininni: »Aðsent. Nýfundid brot úr dómabókinni« í 13. tölublaði II. árgangi blaðsins »Austra« eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandinn greiði allan af máli þessu fyrir undirrjettinum löglega leiddan kostnað, svo og 30—þrjátíu—krónur sem málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns hins stefnda fyrir yfirdóminum, yfirjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 48/1893:

Vilhjálmur Árnason

gegn

Birni presti Þorlákssyni.

Úrskurður:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu